



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

27. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 10. mars 2025 klukkan 16:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. 17. júní.

Formaður hittir oddvita og sveitarstjóra ásamt formanni Kvenfélags Grímsneshrepps á fundi 17.03.2025 til að ræða aðkomu starfsmanna sveitarfélagsins að 17. júní og Grímsævintýrum.

Byggðapróunarfulltrúi var í sambandi við sveitarfélögin hér í kring til að athuga með samstarf vegna skemmtiatriða 17. júní. Beðið eftir staðfestingu frá Hrunamannahreppi og Reykholti.

Kvennfélagið mun sjá um kaffi á 17. júní. Annar aðili mun sjá um pylsuveitingar. Hafa þarf í huga að báðir aðilar sitji við sama borð hvað styrki varðar og sölu á varningi.

Formaður er búin að ræða við æskulýðsnefnd varðandi verðlaun sem veitt eru á 17. júní.

Hugsanleg yfirskrift á 17. júní hátíðinni: Hæglætis hátíð á Borg

Nefndin ætlar að kalla eftir hugmyndum frá Ungmennaráði fyrir skemmtiatriði á 17. júní.

Skoðaðir voru nokkrir möguleikar á skemmtiatriðum.

Hugmynd um að hafa jafnvel trúðasýningu og lítið trúða námskeið.

Búið er að hafa samband við Móðurskipið, Trúðvaktina og Trúðaleiguna.

2. Borg í sveit/Grímsævintýri.

Verður rætt frekar eftir fund með oddvita og sveitarstjóra.

3. Önnur verkefni atvinnu- og menningarnefndar á árinu.

Auglýst verður eftir menningarviðburðum sem nefndin getur styrkt.

Sett verður auglýsing í næsta Hvatarblað.

4. Fundartímar.

Næsti fundur ákveðinn 14. apríl klukkan 16:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 17:22